

Nd.

## 123. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um vinnumiðlun mæla svo fyrir, að í sérhverjum kaupstað skuli vera vinnumiðlunarskrifstofa, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra ákveða. Í stjórn skrifstofunnar skulu vera fimm menn. Tveir skulu kosnir af bæjarstjórn, einn af verklyðsfélagi eða fulltrúaráði verklyðsfélaga á staðnum, einn af félagi atvinnurekenda og einn tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Kostnaður vegna skrifstofunnar skal að  $\frac{2}{3}$  hlutum greiðast úr bæjarsjóði, en að  $\frac{1}{3}$  hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sú breyting gerð á gildandi lagaákvæðum, að hlutaðeigandi bæjarstjórn skuli kjósa 3 menn af 5 í stjórnina, en atvinnumálaráðherra skuli engan mann tilnefna. Minni hl. n. getur ekki fallizt á, að ríkisvaldið sé svipt algerlega áhrifum á stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Þær eru ekki bæjarstofnanir einvörðungu. Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er hlutverk þeirra m. a. „að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir og opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta“, og enn fremur „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið“. Með tilliti til þessa verður að teljast eðlilegt, að ríkisvaldið hafi einhver áhrif á stjórn þessara stofnana, og verða áhrif þess sízt talin of mikil, meðan það tilnefnir einn mann af fimm í stjórnina, ekki hvað sízt, þegar það greiðir meira en  $\frac{1}{3}$  af kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, en samkvæmt frv. er ætlað til, að ríkisvaldið haldi áfram að taka þátt í kostnaðinum, þótt það eigi engan mann að tilnefna í stjórnina.

Af þessum sökum getur minni hl. n. ekki fallizt á, að breyting sú á gildandi löggjöf, sem felst í þessu frv., sé réttmæt. Hitt er svo annað mál, að ástæða virðist til endurskoðunar á vinnumiðlunarlöggjöfinni að ýmsu öðru leyti. Í 8. gr. laga þeirra um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sem sett voru á síðasta Alþingi, segir svo:

„Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bættu aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafis og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.“

Í fjárhagsráði hefur komið til athugunar að stofna til reglulegrar skráningar á vinnuafli þjóðarinnar, enda mun ráðinu reynast erfitt að annast þá áætlunargerð um þjóðarbúskapinn, sem það á að hafa með höndum, án miklu nánari vitneskju um vinnuaflið og ráðstöfun þess en nú er fyrir hendi. Mun fjárhagsráð hafa augastað á vinnumiðlunarskrifstofunum til þess að annast þessa skráningu, enda má segja, að fjárhagsráðslögin geri ráð fyrir því. Hér er þó um svo mikið verkefni að ræða, að breyta mun þurfa skipulagi vinnumiðlunarskrifstofanna, ef þær eiga að geta annað því, svo að vel sé. Að óbreyttri vinnumiðlunarlöggjöfinni mun vinnumiðlunarskrifstofurnar skorta heimild til að æskja þeirra skýrslna, sem nauðsynlegt yrði að afla og auk þess er starfssvið þeirra of þröngt, enda aðeins bundið við kaupstaðina.

Með tilliti til þess, að gildandi lög um fjárhagsráð gera ráð fyrir, að fela megí umræddum stofnunum, vinnumiðlunarskrifstofunum, verkefni, sem þær geta ekki tekizt á hendur að óbreyttum þeim lögum, sem um þær gilda, og þar eð vitað er, að í fjárhagsráði er til athugunar að endurskoða þessa löggjöf í heild, teljum við ástæðulaust, að frv. þetta sé afgreitt á þessu stigi málsins, og leggjum því til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, að í fjárhagsráði hefur komið til athugunar að endurskoða gildandi lög um vinnumiðlun, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi að þeirri athugun lokinni fyrir Alþingi frv. til nýrra laga um þetta efni, sér deildin ekki ástæðu til þess að afgreiða þetta frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. nóv. 1947.

Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.  
frsm.